

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**921. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. september 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

**Afgreiðslur:**

**1. 1608091 Löggæsla í Húnaþingi vestra.**

Lögð var fram eftirfarandi bókun „Byggðarráð fór til fundar við innanríkisráðherra miðvikudaginn 21. september sl. vegna stöðu löggæslumála í Húnaþingi vestra í kjölfar atburðar sem átti sér stað þann 24. ágúst sl. þegar bíll fór í höfnina við Hvammstanga og maður lést. Tók það lögregluna 2 klst að koma á staðinn. Fundinn sátu Ólöfu Nordal innanríkisráðherra og skrifstofustjórnir Þórunn Hafstein og Ingilín Kristmannsdóttir. Á fundinum kom fram að atburðurinn er litinn mjög alvarlegum augum í ráðuneytinu og verður leitað allra leiða til að slíkt komi ekki fyrir aftur. Fulltrúar ráðuneytisins höfðu augljóslega sett sig vel inn í málið og höfðu undir höndum greinargerð frá lögreglustjóra. Á fundinum var farið yfir gögn sem tengjast málinu, t.d. bréf Geirs Karlssonar yfirlæknis á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga sem hafði borist til ráðuneytisins ásamt bréfi frá Björgu Bjarnadóttur yfirsálfræðingi Húnaþings vestra. Í bréfi Bjargar er fjallað um aukið álag á félagsþjónustu sveitarfélagsins vegna skorts á löggæslu m.a. vegna úrvinnslu áfalla þegar óhöpp verða á vegum og lögregla kemur ekki á staðinn sem og óöryggi íbúa þegar lögregla sem fólk ber mikið traust til er ekki til staðar þegar á reynir. Jafnframt var farið yfir áhyggjur byggðarráðs á skorti á landfræðilegri þekkingu starfsfólks neyðarlínunnar 112.

Byggðarráð hélt á lofti þeirri kröfu sinni og sveitarstjórnar að á Hvammstanga verði sett upp mönnuð lögreglustöð til að tryggja öryggi og jafnræði íbúa í lögreglumdæminu en mannaðar lögreglustöðvar eru í tveimur sýslum af þremur og vegalengdar slíkar að viðbragðstími verður þess vegna óásættanlegur. Allt frá því að breyting var gerð á umdæmum lögreglu og sýslumanna árið 2014 hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra gert athugasemdir við að ekki hafi verið gert ráð fyrir mannaðri lögreglustöð á Hvammstanga, m.a. í athugasemdum sem sendar voru ráðuneytinu í júní 2014, á fundum með þingmönnum og fjárlaganefnd, á fundi í innanríkisráðuneytinu í febrúar 2016 og svo aftur nú. Það er skýlaus krafa Byggðarráðs Húnaþings vestra að öryggi íbúa og ferðamanna í

Húnaþingi vestra verði tryggt með mannaðri lögreglustöð á Hvammstanga og því farið fram á að fjölgað verði í lögregluliðinu á Norðurlandi vestra til að svo megi verða.“

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:25

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir